



Fundargerð
Stjórnarfundur Sunddeildar Umf. Selfoss 2. febrúar 2009 kl. 19:30.

Mættir voru Guðmundur, Guðbjörg, Steinunn og Ingibjörg.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Aðalfundur Sunddeildarinnar er ákveðinn 9. mars 2009 kl. 20:00 í Tíbrá. Reiknað með að stjórnin starfi óbreytt en stungið upp á nýjum varamönnum þar sem börn núverandi varamanna eru ekki lengur iðkendur.
3. Guðmundur fór yfir fjármál deildarinnar. Búið er að fara yfir skiltin og senda út reikninga vegna ársins 2008. Greiðslur hafa skilað sér. Einhverjir auglýsendur hafa þegar tilkynnt að þeir ætli ekki að auglýsa á árinu 2009. Ekki stendur til að setja skiltin upp fyrr en með vorinu þegar sundhöllin verður máluð. Við gerð fjárhagsáætlunar 2009 er ljóst að deildin verður af ýmsum tekjum sem hafa verið hluti af hennar föstu tekjum sbr. götusóp og einhver skilti.
4. Samverustund sem áætluð var 11. febrúar n.k. verður færð fram á mánudaginn 16. febrúar og hugmyndir settar fram um skipulag samverustundarinnar.
5. Hugað verður áfram að nýjum fjáröflunarleiðum.
6. Guðmundur er að kanna með endurnýjun á sundfatnaði fyrir iðkendur og þá möguleikann á að val geti staðið á milli nokkura sniða sérstaklega á sundbolum en þó í sömu litum svo heild myndist.
7. a. Marabonsund deildarinnar laugardaginn 31. janúar heppnaðist vel þótt ekki liggi fyrir hvað safnaðist mikið. Guðmundur mun koma tilkynningu á vefsíðu sunddeildarinnar og í blöð.

b. Rætt var um möguleikan á löglegum sundmótum, bæði Selfossmeistaramótinu (áætlað 14. mars n.k.) og HSK mótum. Leggja þarf í nokkra vinnu með SSÍ til að fá mótin lögleg sem er eðlilegast fyrir iðkendur með lágmörk á AMÍ mótið í huga. Ársþing HSK verður 28. febrúar n.k. og búið er að fá fulltrúa frá Selfossi til að sitja í Sundnefnd HSK. Sömu helgi verður sundþing SSÍ haldið og er búið að stinga upp á fulltrúa frá HSK til setu á því þingi.
8. Næsti fundur sunddeildarinnar er 2. mars n.k. kl. 19:30 þar sem lögð verður lokahönd á árskýrslu 2008 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009.

Fundi slitið kl. 21:20.

Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir,
fundarritari.